# AUGLÝSING

**um viðurkenningu á valdi nefndar um afnám kynþáttamisréttis til að taka við kærum frá einstaklingum.**

Hinn 10. ágúst 1981 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent yfirlýsing í samræmi við 14. gr. alþjóðasamnings frá 7. mars 1966 um afnám alls kynþáttamisréttis, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1968 og 17/1969. Í yfirlýsingunni er viðurkennt fyrir Íslands hönd vald nefndar um afnám kynþáttamisréttis, sem starfar samkvæmt samningnum, til þess að taka við og athuga kærur frá einstaklingum eða hópum einstaklinga undir lögsögu Íslands er halda því fram að Ísland hafi brotið á þeim einhver þeirra réttinda sem lýst er í samningnum. Sá fyrirvari var gerður í viðurkenningunni að nefndin skuli ekki taka fyrir erindi nema hún hafi gengið úr skugga um það að sama málefnið sé ekki eða hafi ekki verið til annarrar alþjóðlegrar rannsóknar eða sáttameðferðar.

Yfirlýsing þessi tekur ekki gildi fyrr en 10 ríki hafa viðurkennt vald nefndarinnar, sbr. 9. tl. 14. gr. samningsins. Gildistaka verður auglýst síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. nóvember 1981.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Hörður Helgason.*

Nr. 21 10.nóvember 1981

# AUGLÝSING

**um framlengingu samnings við Kenyu um þróun fiskveiða.**

Með erindaskiptum 4. ágúst og 2. nóvember 1981 var gengið frá samkomulagi um framlengingu samnings milli Íslands og Kenyu frá 12. júní 1979 um þróun fiskveiða, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1979. Framlengingin miðast við tímabilið 31. ágúst 1980 til 31. júlí 1982, sbr. 3. tl. 4. gr. samningsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. nóvember 1981.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Hörður Helgason.*

Nr. 22 15. desember 1981

# AUGLÝSING

**um samning við Cabo Verde um þróun fiskveiða.**

Hinn 27. nóvember 1981 var undirritaður í Reykjavík samningur milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Cabo Verde um þróun fiskveiða. Samningurinn öðlaðist gildi við undirskrift.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. desember 1981.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Hörður Helgason.*